

114. fundur hafnarstjórnar Snæfellsbæjar haldinn mánudaginn 01.12. 2014, kl. 20.30 í Ráðhúsi Snæfellsbæjar Klettsbúð 4, Hellissandi.

Mættir: Anton Ragnarsson formaður,
Þóra Olsen,
Heiðar Magnússon,
Gísli Bjarnason,
Fríða Sveinsdóttir,
Björn Arnaldsson hafnarstjóri.

Formaður setti fundinn.

1. Bréf frá bæjarritara dags. 11.11. 2014, varðandi samþykkt bæjarstjórnar á fundargerð 113. fundar hafnarstjórnar. Lagt fram til kynningar.
2. Fundargerðir stjórnar Hafnasambands Íslands nr. 366 dags. 15.08., nr. 367 dags. 03.09. og nr. 368 dags. 03.10. 2014. Lagt fram til kynningar.
3. Bréf frá Vegagerðinni dags. 13.11. 2014, varðandi viðgerð á Norðurgarðinum í Ólafsvík. Hafnarstjóri kynnti bréf til Vegagerðarinnar dags. 24.09. 2014, varðandi málið. Í bréfi Vegagerðarinnar kemur m.a. fram að veittur er viðbótar tjónastyrkur vegna Norðurgarðsins að upphæð kr. 7.000.000.- án vsk. Fram kom hjá hafnarstjóra að samið var við Stafnafell ehf. um áframhaldandi framkvæmdir við grjótgarðinn. Lagt fram til kynningar.
4. Bréf frá Vegagerðinni dags. 13.11. 2014, varðandi dýpkun í Rifshöfn. Hafnarstjóri kynnti bréf til Vegagerðarinnar dags. 26.09. 2014, vegna málsins. Í bréfi Vegagerðarinnar kemur m.a. fram að veittur er styrkur vegna þess hluta dýpkunarframkvæmdanna sem er viðhaldsdýpkun, að upphæð kr. 3.500.000.- án vsk. Lagt fram til kynningar.
5. Bréf frá umhverfis og öryggisnefnd Hafnasambands Íslands dags. 03.11. 2014. Í bréfinu er óskað eftir því að þær hafnir á Íslandi sem sett hafa sér umhverfisstefnu sendi hana til nefndarinnar. Lagt fram til kynningar.
6. Tölvupóstur frá Hafnasambandi Íslands dags. 04.11. 2014, varðandi möguleika á samvinnu og sameiningum hafnarsjóða og er könnun meðfylgjandi vegna málsins. Óskað er eftir því í tölvupóstinum að hann verði áframsendur á hafnarstjórn og var það gert af hafnarstjóra þann 20.11. 2014. Lagt fram til kynningar.
7. Tölvupóstur frá Hafnasambandi Íslands dags. 06.11. 2014, varðandi merki fyrir Hafnasambandið. Í boði eru tvær tillögur þ.e. tillaga 1 og 2. Formaður lagði til að tillaga 2 verði valin. Samþykkt samhljóða.

8. Fjárhagsáætlun hafnarsjóðs fyrir árið 2015. Hafnarstjóri kynnti áætlunina og fór yfir helstu liði hennar. Fjárhagsáætlunin samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21.50

Anton Ragnarsson formaður,
Þóra Olsen.
Gísli Bjarnason.
Fríða Sveinsdóttir.
Heiðar Magnússon.
Björn Arnaldsson hafnarstjóri.